

AUGLÝSING

um deiliskipulag og deiliskipulagsbreytingar í Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppi og Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

A. Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Bláskóga- byggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir eða breytingar á deiliskipulags- áætlunum.

1. *Reykholt í Biskupstungum, Bláskógabyggð, Espiflöt, deiliskipulagsbreyting.*

Deiliskipulagsbreyting garðyrkjulóðar garðyrkjubýlisins Espiflatar. Í breytingunni felst að byggingareitur gróðurhúsa stækkar og verður 5 metrar frá lóðamörkum að Stóra-Fljóti, Friðheimum og Gufuhlíð.

2. *Laugarvatn í Laugardal, Bláskógabyggð, deiliskipulag grunnskólalóðar.*

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir byggingarreit í kringum núverandi grunnskólabyggingu og tengist hún fyrirhugaðri leikskólabyggingu sem verður samtengd grunnskólanum. Tillaga að aðalskipulagsbreytingu á umræddum reit hefur verið samþykkt í sveitarstjórn.

3. *Miðdalur í Laugardal, Bláskógabyggð. Deiliskipulagsbreyting fristundabyggðar Félags bókaferðarmanna.*

Deiliskipulagsbreytingunni er ætlað að fella saman í eina heild mörg eldri skipulög og ákvæði þeim tengd. Skipulagssvæðið er 34 ha og skiptist í 3 svæði; Efra-hverfi, Mið-hverfi og Neðra-hverfi. Gert er ráð fyrir byggingarreitum fyrir 89 fristundahús en 82 eru þegar byggð. Leyfilegt verður að reisa allt að 12 m² smáhýsi.

B. Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Grímsnes og Grafningshrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir eða breytingar á deiliskipulagsáætlunum.

1. *Tjarnholtsmýri í landi Bjarnastaða í Grímsnesi, skilmálabreyting fristundabyggðar.*

Skilmálabreyting deiliskipulags fristundabyggðar í Tjarnholtsmýri. Gert er ráð fyrir að hámarksstærð bústaða verði 250 m² í stað 100 m² og hámarksstærð aukahúss verði 25 m².

2. *Hæðarbrúnir í landi Miðengis í Grímsnesi, deiliskipulag fristundabyggðar.*

Svæðið sem tillagan nær til er um 6,45 ha að stærð og er gert ráð fyrir 9 fristundalóðum, 6.850-7.600 m² að stærð. Einn bústaður er fyrir inni á svæðinu. Aðkoma er frá Bústjórabraut.

3. *Sólheimar í Grímsnesi, breyting á deiliskipulagi.*

Gert er ráð fyrir því að lóð og byggingarreitur gistiheimilis suðvestan Sesseljuhúss verði færð ofar í landið og fær einnig aðkomu frá Upphæðum. Lóðir 6-8 við Upphæðir breytast þannig að syðsta parhúslóðin skiptist upp í tvær einbýlishúsalóðir og lega hinna tveggja parhúsanna breytist nokkuð. Húsnúmer við þennan hluta Upphæða breytast.

4. *5. braut í landi Miðengis í Grímsnesi, lóð nr. 200, breyting á deiliskipulagi.*

Breytingartillagan gerir ráð fyrir því að hámarksstærð frístundahúss verði 496 m² í stað 380 m². Einnig er gert ráð fyrir að reisa megi 64 m² bílskúr og 86 m² aukahús á byggingarreit I þar sem aðalhúsið stendur.

C. Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun eða breytingu á deiliskipulagsáætlun.

Langamýri á Skeiðum, Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Deiliskipulag frístundabyggðar í Stekkatúni og Ríma. Í Stekkatúni verður ein lóð með 2 áður gerðum bústöðum. Í Ríma er gert ráð fyrir 8 nýjum frístundahúsalóðum.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir og deiliskipulagsbreytingar hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 9. maí 2006.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu,

Pétur Ingi Haraldsson.